

Fréttabréf Húnavatnshrepps

2.tbl.2008

Íbúar Húnavatnshreppi.

Í öðru fréttabréfi ársins verður fjallað um íbúafund vegna gerðar aðalskipulags, einnig sveitarfund á Húnavöllum. Farið yfir ýmsar tölur úr ársreikningi Húnavatnshrepps fyrir árið 2007, sem lagður hefur verið fram. Kynntar reglur um afslætti á fasteignasköttum í sveitarfélaginu og kynntar breytingar á innheimtufyrirkomulagi.

Aðalskipulag og Staðardagskrá 21 fyrir Húnavatnshrepp ÍBÚAFUNDUR

Hafin er vinna við gerð aðalskipulags og Staðardagskrár 21 fyrir Húnavatnshrepp.

Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag og skal það taka til alls lands innan staðarmarka þess. Þar kemur m.a. fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, samgöngur, þjónustu, umhverfismál og þróun byggðar í sveitarfélaginu.

Stefnumörkun aðalskipulagsins skal ná til a.m.k. 12 ára tímabils.

Staðardagskrá 21 er velferðaráætlun sveitarstjórnar til langs tíma, þar sem horft er samtímis á allar þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar, þ.e. félagslega, efnahagslega og umhverfislega þætti. Þessi áætlun er leið sveitarfélaga til að skipuleggja starf sitt lengra fram í tímann en venjan er, en það ásamt markvissri stjórnun auðveldar betri nýtingu fjármuna og mannafla sveitarfélagsins, sem og stuðlar að aukinni ánægju íbúa.

Aðalskipulag og Staðardagskrá 21 fjalla um svipuð atriði og með því að vinna jafnhliða að mótun þessara tveggja áætlana, fæst heildstæð framtíðaráætlun um þróun sveitarfélagsins og hvernig ætlunin er að stuðla að sem bestum hag íbúanna til lengri tíma litið.

Í þeim tilgangi að gefa íbúum og öðrum hagsmunaaðilum kost á að koma á framfæri ábendingum strax í upphafi vinnunnar er boðað til almenns íbúafundar.

Skipulagsráðgjafar aðalskipulagsins og starfsmenn Staðardagskrár 21 munu gera grein fyrir þessum áætlunum og leiðbeina í þeirri hugmyndavinnu sem ætlunin er að fari fram á fundinum. Þátttakendur íbúafundarins geta komið á framfæri sínum hugmyndum um landnotkun og framtíðarsýn fyrir sveitarfélagið. Þessi vinna verður svo nýtt við gerð aðalskipulagsins og Staðardagskrár 21.

Íbúar eru hvattir til að mæta og hafa þannig áhrif á það samfélag sem þeir búa í.

Fundurinn verður haldinn á **Húnavöllum** þriðjudagskvöldið **29. apríl n.k. klukkan 20:00**

Sveitarfundur á Húnavöllum.

Hreppsnefnd hefur ákveðið að boða til almenns fundar á Húnavöllum sunnudaginn 4. maí n.k. kl. 20.30. Fundurinn verður auglýstur nánar síðar. Einnig hefur verið samþykkt að haldnir verði almennir fundir í fjallskiladeildum og að fundartími verði ákveðinn í samráði við fjallskilastjórnir.

Ársreikningur Húnavatnshrepps vegna ársins 2007.

Til A-hluta sveitarsjóðs, telst starfsemi sem að hluta til eða að öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Um er að ræða aðalsjóð, eignasjóð og þjónustumiðstöð. Til B-hluta teljast fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem fellur undir B-hluta starfsemi sveitarfélagsins er Auðkúluheiði ehf.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu 2007 námu samtals 285,8 m. kr. fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A-hluta 284,7 m. kr.

Flokkun tekna: Skatttekjur 133,2 m. kr. Jöfnunarsjóður 127.9 m. kr. Aðrar tekjur 24.7 m. kr.

Rekstrargjöld sveitarfélagsins á árinu 2007 námu samtals 268 m. kr. afskriftir voru 4,5 m. kr. Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 18.4 m. kr.

Rekstur málaflokka:

Hér er gerð nokkur grein fyrir útgjöldum sex stærstu málaflokka

Félagsþjónusta: Heildarkostnaður 19 m. kr. Helstu kostnaðarliðir: heimgreiðslur 2,2 m. kr, félagsþjónusta 4,1 m. kr. framlag til Héraðsnefndar 6.1 m. kr. heimaþjónusta 2.7 m. kr, öldrunarmál 2.6 m. kr.

Fræðslumál: Heildarkostnaður 140,2 m. kr. Helstu kostnaðarliðir: Húnavallaskóli 116.5 m. kr, Tónlistarskóli 10.1 m. kr, leikskóli 5.9 m. kr. Nemendastyrkir og aðrir styrkir 4.6 m. kr.

Meningarmál: Heildarkostnaður 14.6 m. kr. Helstu kostnaðarliðir: Safnamál 4.6 m. kr. Félagsheimili 8.2 m. kr. Ýmsir styrkir 1.4 m. kr.

Hreinlætismál: Heildarkostnaður 15.6 m. kr. Helstu kostnaðarliðir: Sorphreinsun og urðun 13.7 m. kr, fráveitumál 1.9 m. kr.

Atvinnumál: Heildarkostnaður 9.2 m. kr. helstu kostnaðarliðir: Framlag til atvinnumála 5.5 m. kr, þar af akstursstyrkir 1.3 m. kr, landbúnaðarmál og fjárgirðingar 2.1 m. kr.

Sameiginlegur kostnaður: Heildarkostnaður 28.4 m. kr. Helstu kostnaðarliðir: Rekstur skrifstofu 18 m. kr. Hreppsnefnd og aðrar nefndir 5.4 m. kr.

Rekstrarniðurstaða samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta, var jákvæð um 31,7 millj. kr. þar af er jákvæð rekstrarniðurstaða A hluta 31, 4 millj. kr.

Ljóst er að rekstur sveitarfélagsins skilar betri afkomu en gert var ráð fyrir í endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2007, en þar var áætlað að rekstrarniðurstaða yrði jákvæð um 10,9 millj. kr. Munar þar mest um hærri rekstrartekjur og fjármunatekjur en áætlað var.

Helstu fjárfestingar á árinu 2007 voru eftirfarandi:

Sparkvöllur 13.8 m. kr, ljósastaurar 8.1 m. kr, fráveita 10.5 m. kr, leikskóli 16.3 m. kr,

Skuldir við lánastofnanir eru um 33 m. kr.

Samkvæmt sjóðstreymisýfirliti A og B hluta fyrir árið 2007 þá er veltufé frá rekstri um 37.1 m. kr og handbært fé í árslok 2007 um 151 m. kr.

Fasteignagjöld.

Eftirfarandi gjalddagar eru á fasteignagjöldum ársins 2008:

Fasteignagjöld sem eru lægri en 15 þúsund kr. gjalddagi 15. október

Fasteignagjöld frá 15 þúsund kr. til 500 þúsund kr. gjalddagar 15. júní og 15. október.

Fasteignagjöld hærrí en 500 þúsund kr. gjalddagar 15. apríl, 15. júní og 15. október.

Eftirfarandi reglur eru í gildi um afslætti á fasteignasköttum á íbúðahúsnæði í Húnavatnshreppi:

- Ef um hjón eða sambýlisfólk er að ræða, ræður aldur þess sem fyrr verður 67 ára á árinu án tillits til þess hvort er skráð fyrir fasteigninni.
- Ef annað hjóna er ellilífeyrisþegi eða 75% öryrki er veittur 50% afsláttur.
- Ef bæði hjón eru ellilífeyrisþegar eða 75% öryrkar veittur 100% afsláttur.
- Ef einstaklingur er ellilífeyrisþegi eða 75% öryrki er veittur 100% afsláttur.
- Skilyrði fyrir niðurfellingu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur.
- Við fráfall maka eða sambýlismanns/konu skal fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði sem fjölskylda hins látna á og býr í, felldur niður að fullu árið eftir fráfallið.

Þeir örorkulífeyrisþegar sem eiga rétt á afslætti á fasteignasköttum eru beðnir að hafa samband við skrifstofu hreppsins fyrir 1. maí 2008.

Tilkynning um breytingu á innheimtufyrirkomulagi.

Við viljum kynna þær breytingar sem er að vænta á innheimtufyrirkomulagi okkar. Fram til þessa hefur sveitarfélagið ávallt séð sjálft um innheimtu vanskilakrafna áður en þær fara í lögfræðinnheimtu. Nú hefur verið ákveðið að taka upp samstarf við Intrum á Íslandi um innheimtu gjalda sveitarfélagsins sem ekki greiðast á réttum tíma. Markmið sveitarfélagsins með samstarfinu við Intrum er að tryggja jafnræði meðal íbúa sveitarfélagsins, halda kostnaði vegna innheimtu vanskilakrafna í lágmarki og tryggja hagkvæmni í rekstri. Ef þú átt vangreidd gjöld hjá sveitarfélaginu, þá gefst þér kostur á að ganga frá þeim fyrir **10 maí n.k.** en að þeim tíma liðnum mun Intrum annast innheimtu kröfunnar. Við vanskil mun ítækunargjald bætast við upphæð skuldarinnar. Innheimta Intrum hefst u.þ.b. 15 dögum eftir eindaga kröfu.

Það er von okkar að þú sýnir þessum breytingum skilning og getir alfarið komist hjá vanskilum. Ef þú hefur spurningar fram að færa varðandi breytingarnar hafðu þá vinsamlegast samband við skrifstofu okkar í síma 452-4660 eða með tölvupósti til

hunavatnshreppur@emax.is

Skrifstofa Húnavatnshrepps.

Skrifstofa Húnavatnshrepps er opin mánudaga, þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl.

10.00 – 16.00. Símanúmerin eru 452-4660 og 452-4661, faxnr. er 452-4680, netföngin

hunavatnshreppur@emax.is jens@emax.is veffang www.hunavatnshreppur.is

Húnavöllum 17. apríl 2008.

Sveitarstjóri Húnavatnshrepps